

Fréttabréf Brimvers/Æskukots

Desember 2016



Nú er aðventan gengin í garð með allri sinni ljósadýrð. Eins og alla aðra daga er mikið líf og fjör hjá okkur. Við höfum verið að baka og skreyta piparkökur og var foreldrum boðið í kaffi og piparkökur á fullveldisdaginn. Við erum líka að fönndra í jólagluggana og syngja jólalögin. Jólaglugginn er liður í „Jól í Árborg“ þar sem fyrirtæki og stofnanir í Árborg telja dagana til jóla með því að opna einn jólaglugga á dag frá 1. desember þar sem finna má einn bókstaf í hverjum glugga.

Þar sem veðrið hefur nánast leikið við okkur höfum við getað notið útiveru sem er yndislegt.

Annars gengur lífið bara sinn vanagang hjá okkur og við leggjum áherslu á að hafa gleði og kærleika að leiðarljósi.

Við ætlum að njóta aðventunnar og hafa gaman saman og óskum ykkur öllum þess sama.

Mikilvægar dagsetningar

12. desember kl. 10:00 – Jólaglugginn í Brimver opnaður

14. desember kl. 10:00 – Jólaglugginn í Æskukoti opnaður

20. desember kl. 15:00-16:00 - Jólball haldið í BES á Stokkseyri

2. janúar skipulagsdagur - Leikskólinn lokaður

Efnisyfirlit

Mikilvægar dagsetningar

Jólball

Bókagjöf

Timburhólaskógur

Leiksýning.....




Jólball

Jólball leikskólans verður haldið í Barnaskólanum á Stokkseyri

20. desember kl. 15:00-16:00.

Þar hefur okkur verið boðið að nýta aðstöðu og hljómsveit skólans eins og í fyrra. Þetta góða boð gefur okkur þann möguleika að hafa sameiginlegt jólball fyrir Brimver og Æskukot.

Við vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta og gleðjast með okkur.



Bókagjöf



Minningarsjóður Svandísar Þulu kom færandi hendi í Brimver 2. desember sl. með veglega bókagjöf. Börn og starfsfólk söfnuðust saman í salnum og Hrefna móðir Svandísar sagði okkur frá Svandísi Þulu, las sögu og við sungum saman. Þetta var falleg stund, stund minninga og kærleiks.

Við þökkum kærlega fyrir okkur og óskum aðstandendum Svandísar Þulu ástar og friðar. Með Ásgeiri og Hrefnu mætti Ída Þorgerður Ingadóttir, systurdóttir Hrefnu.

Blessuð sé minning Svandísar Þulu.

Timburhólaskógur

Foreldrafélög leikskólans stóðu fyrir vasaljósiferð þar sem farið var í rútu í Timburhólaskóg. Boðið var upp á heitt súkkulaði og piparkökur og tími var fyrir leiki og ævintýri í skóginum. Þetta var góð og skemmtileg ferð sem var mikil upplifun fyrir okkur öll.

Leiksýning



Foreldrafélög leikskólans buðu okkur á leiksýninguna „Grýla og jólasveinarnir“ sem var í leikhúsinu í Barnskólanum á Stokkseyri.

Leikkonan Þórdís Arnljótsdóttir fór í hin ýmsu hlutverk. Nemendum í 1. bekk í BES var boðið með okkur á sýninguna sem var fjörug og skemmtileg.

Kærar, kærar þakkir fyrir okkur kæru foreldrar.

